



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði
Sauli Niinistö forseta Finnlands**

**Helsinki
15. maí 2018**

Forseti Finnlands,
forsetafrú,
aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég þá velvild og gestrisni sem við höfum notið hér í Finnlandi. Í þessu landi erum við Íslendingar meðal vina.

Hingað erum við komin til að treysta enn frekar þau bræðra- og systrabönd sem lengi hafa tengt Ísland og Finnland. Í fyrra hlotnaðist okkur Elizuz sá heiður að sækja hingað hátíðahöld í tilefni af hundrað ára sjálfstæðisafmæli ykkar Finna; í ár minnumst við Íslendingar þess að öld er liðin frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.

Þetta eigum við sameiginlegt, Finnar og Íslendingar, að fagna um þessar mundir miklum tímamótum í sögu okkar, aldarafmæli. Reynsla okkar varð síðan ólík um margt. Þið Finnar þurftuð að berjast fyrir tilverurétti ykkar sjálfstæða ríkis, okkur kom að mestu vel að vera eyland í norðurhöfum. En þrátt fyrir þá ólíku sögu eigum við það líka sameiginlegt að smám saman tókst ykkur hér og okkur heima á Íslandi að reisa velferðarríki, samfélag þar sem frelsi fólks er virt og þeir eiga að fá hjálparhönd sem á því þurfa að halda. Við köllum það gjarnan norræna módelið, þetta samspil einstaklingsfrelsis og samhjálpar. Og þegar við lítum um öxl, kynnum okkur hvernig þorri fólks bjó við fátækt og misrétti fyrir einni öld, getum við sagt með stolti að okkur hefur miðað í framfaraátt. Samt fer því auðvitað fjarri að okkur á Norðurlöndum hafi tekist að skapa hið fullkomna samfélag – margt þarf enn að bæta og glíma þarf við ýmsan vanda; mengun og aðra umhverfisvá, misskiptingu auðs og vanlíðan of margra í okkar velferðarsamfélagi.

Já, áskoranir bíða og við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. En er það svo slæmt? Við getum að minnsta kosti sett mark okkar á ókomna daga með athöfnum okkar, og munum hvað Tove Jansson lætur eina söguhetjuna segja í undraheimi Múmínálfanna: „Allt er óvísst í þessari veröld, og það fellur mér einmitt best.“

Kæri forseti, góðir áheyrendur! Nýlega bárust af því fréttir að þið Finnar væruð hamingjusamastir allra þjóða, að kannanir og rannsóknir leiddu í ljós þennan ánægjulega vitnisburð. Og ekki nóg með það! Mýmargar aðrar heimildir eru um forystu Finna í hvers kyns samanburði. Á heimasíðu Hagstofu Finnlands má til dæmis finna sérstaka undirsíðu, „Finland með bestu löndum í heimi.“ Heimildir um þá vegsemd eru svo margar þar og fjölbreyttar að ekki er mögulegt að nefna nema örfáar hér af handahófi:

Finland er öruggasta og friðsælasta land í heimi.

Finnar eiga besta skólakerfi í heimi.

Finnar eru í þriðja efsta sæti á ríkjalista um jafnrétti kynjanna – ekki þó í fyrsta sæti, ég leyfi mér að taka það sérstaklega fram, sem forseti Íslands! Finnar drekka meira kaffi en allir aðrir.

Vissulega má hafa varann á. Svona alhæfingar og meðaltöl segja aldrei alla söguna um kosti og galla fjölbreytts og margslungins samfélags. Og er ekki eitthvað sem Finnar geta gert betur? Jú, vissulega mætti gera góða þjóf enn betri. „Við þurfum að vera áræðnari!“ Það svar við þessari spurningu heyrðist í nýlegum og frábærum sjónvarpsþáttum um framtíð Finnlands. Vinur minn íslenskur, sem býr hér í landi, sagði á sömu lund að í raun væri erfitt að finna eitthvað að hinum dæmigerða Finna – en ætti að nefna eitthvað þá kæmi í hugann að kannski væri einlæg hógværd og sjálfhæðni ykkur stundum fjötur um fót.

En þá segi ég ykkur Finnum til hróss að kannski eruð þið bara líka hógværa þjóf í heimi! Þrátt fyrir öll ykkar afrek eruð þið fráleitt þekktir fyrir dramb eða hégóma. Þar að auki má eflaust rekja hamingju ykkar til þess hversu jarðbundnir þið eruð að jafnaði. Hógværd er dyggð, samhliða heilbrigðu sjálfstrausti.

Kæri forseti! Í þessari ágætu veislu segi ég að lokum að ég lít svo á að við ferðalangarnir að heiman séum í eins konar könnunarleiðangri hér, í þessu landi hinnar miklu hamingju. Hvernig fóruð þið Finnar að því að skipa ykkur í fremstu röð í samfélagi þjóðanna? Hvernig má skýra þessa hamingju og þessa velgengni? Hver veit; kannski ræður *talkoot* nokkru, sú rótgróna sannfæring ykkar að fólk þurfi gjarnan að taka höndum saman í þágu hópsins, þorpsins, samfélagsins. Þá eruð þið þekktir víða fyrir afar sterkan streng í ykkar þjóðarsál

– *sisu*, það þrek, þrjósku og þrautseigju sem hefur komið ykkur svo vel í aldanna rás.

Og svo er það landið sjálft, vatnið og skógarnir, sem eru uppspretta og efniviður traustrar hagsældar og munu gera það áfram sé rétt á málum haldið. En allra mikilvægastur er mannauðurinn, sú mikla virðing sem þið sýnið þekkingu og menntun, vísindum og nýsköpun. Þetta munum við hjónin og föruneyti okkar án efa fá staðfest í Finnlandsreisu okkar. Þetta getum við Íslendingar lært af ykkur Finnum.

Hitt er svo annað mál hvort það sama eigi við um okkur Íslendinga sem stundum er víst sagt um ykkur, að það gæti komið okkur vel að vera enn áræðnari, taka enn meiri áhættu í stóru sem smáu. Og hitt er líka annað mál hvort Finnum eða öðrum dettur það helst í hug um Íslendinga að við ættum að hætta að vera svona hógværir og fullir efasemda um okkar sjálfa. Einhvern veginn efast ég um það en við ykkur, kæru Finnar, segi ég: Verið ekkert að breytast of mikið, við kunnum svo vel við ykkur eins og þið eruð!

Góðir áheyrendur: Ég bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glasi til heilla hinni finnsku þjóð og til heiðurs forseta Finnlands, Sauli Niinistö.